


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Þrívíddarformfræði MYL303	
Síða 1 af 2		

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st.	HBJ
Viðtalstímar	Miðvikudagar kl. 9:40-10:20		

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, form, mótun og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að kynna nemendum fjölbreytta þrívíða vinnu og að nemendur skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s.leir, gifs, vír, léreft, pappír, pappamassa, garn, ullarflóka, o.fl. Nemendur skulu halda utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setja fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í einir eða í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

Markmið:


Að nemandinn...

- geti komið tvívíðri hugmynd yfir í þrívídd
- geti notað ólíkar aðferðir og ýmsar gerðir efna við útfærslu þrívíðra verka
- hafi gert tilraunir með þrívíð form
- átti sig á samspili rýmis og þrívíðra verka
- hafi unnið rannsóknarvinnu sem nýttist í hugmyndavinnu
- hafi kynnt sér listamenn sem vinna þrívíð verk, aðferðum og hugmyndafræði þeirra



Áætlun um yfirferð:

Vika 34-38	Lota 1	Þrívídd – kynning á áfanganum, grunnformin mótuð í pappa og fleiri efni. Þrívíðar tilraunir með ýmis efni og aðferðir. Hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, myndbygging o.fl. skoðuð Kynning á nokkrum skúlptúr-listamönnum
Vika 39-42	Lota 2	Rannsóknarverkefni, nemendur afla sér þekkingar um listamenn og kynna þá fyrir samnemendum. Mótun í leir og tilraunir með gifs Styttur bæjarins, vettvangsverkefni
Vika 43-45	Lota 3	Lágmynd úr einu eða fleiri efnum – nemendur vinni með myndbyggingu, dýpt, forgrunn og bakgrunn verksins í huga
Vika 45-49	Lota 4	Lokaverkefni frjálst efnisval, má nota aðferðir eða

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Þrívíddarformfræði MYL303 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

	hugmyndafræði listamanna úr rannsóknarverkefni.
--	---

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa skissubók og/eða möppu til að halda utan um skissur, minnispunkta, tilraunir, og hugmyndavinnu. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur/-blöð og ljósmyndir og rafrænt efni
Símar: velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa í kennslustundum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi. Metið í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats. Öll verkefni, vinna og ástundun metin.

Námsmatsþáttur:	Vægi:
Verkefni úr lotu 1	20%
Verkefni úr lotu 2	20%
Verkefni úr lotu 3	15%
Verkefni úr lotu 4	20%
Rannsóknarverkefni, greinargerð og kynning á því	10%
Skissubók	5%
Ástundun, vinnusemi, stundvísi, umgengni	10%



Með fyrirvara um breytingar
Gangi ykkur vel
Helga

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils